

L Ö G

um breyting á læknaþingarlögum, nr. 16/1955.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

36. og 37. tölul. 1. gr. laganna orðist svo:

36. *Austur-Egilsstaðahérað:* Skriðdalshreppur, Vallahreppur, Egilsstaðahreppur, Eiðahreppur og Hjaltastaðahreppur. Læknissetur í Egilsstaðarþorpi;
37. *Bakkagerðishérað:* Borgarfjarðarhreppur. Læknissetur í Bakkagerðisþorpi.

2. gr.

Á eftir 8. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Heimilt er, að fengnum tillögum landlæknis, að greiða úr ríkissjóði allt að helmingi kostnaðar við nauðsynleg lækningatæki og útbúnað í lækningastofu héraðslæknis í fámennum læknishéruðum, gegn jafnmiklu framlagi frá læknishéraðinu.

3. gr.

2. málsgrein 10. greinar laganna falli niður, en í stað hennar komi svo hljóðandi:

Um greiðslu fyrir störf héraðslækna og aðstoðarlækna og staðgöngumanna héraðslækna fer sem hér segir:

1. Embættislaun héraðslækna skulu greidd fyrir embættisstörf, en til slíkra starfa telst einkum: Samfelld gegningarskylda lækni í héraði, öll tilskilin skýrslugerð, sóttvarnir, ónæmisáðgerðir, berklapróf, almennt heilbrigðiseftirlit, svo sem með vatnsbólum, fráræslu, húsakynnum, þrifnaði, matvælum, aðbúnaði í verksmiðjum og á öðrum vinnustöðum og ýmislegt fleira, er fellur undir starfssvið heilbrigðisnefnda eða tekið er fram í erindisbréfi héraðslækna.

2. Fyrir störf í þágu sjúkrasamlaga og annarra greina almannatrygginga fari greiðsla eftir gjaldskrá, sem landlæknir semur og ráðherra staðfestir, eða samningum, er stéttarfélag lækna eiga annars vegar hlut að fyrir hönd lækna, en sjúkrasamlög eða Tryggingastofnun ríkisins hins vegar.

3. Fyrir störf, önnur en embættisstörf, í þágu ríkis, sveitarfélaga og opinberra stofnana fari greiðsla eftir sömu reglum og þá er sjúkrasamlög eða aðrar greinar almannatrygginga eiga í hlut.

4. Fyrir störf í þágu annarra en almannatrygginga, ríkis, sveitarfélaga og opinberra stofnana fari greiðsla eftir reglum, er stéttarfélag lækna setja og birta almenníngi. Nú eru slíkar reglur ekki birtar, og mega þá lækna, er í hlut eiga, ekki krefjast hærri greiðslu en þá er almannatryggingar eiga í hlut.

4. gr.

Aftan við lögin bætist svo hljóðandi

Ákvæði til bráðabirgða.

Þangað til heilbrigðisstjórnin setur gjaldskrá skv. 2. tölulið 2. málsg. 10. gr. laganna, skal núgildandi gjaldskrá héraðslækna gilda um störf þeirra í þágu sjúkra-samlaga og annarra greina almannatrygginga.

Ríkisstjórninni er heimilt, til viðbótar heimildum, sem fyrir eru, að greiða allt að 300 þús. kr. árlega til þess að bæta lækniþjónustu í þeim héruðum, þar sem mestra úrbóta er þörf að dómi landlæknis.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 21. apríl 1962.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

L Ö G

um Samvinnubanka Íslands hf.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Heimilt er að stofna hlutafélag, sem heiti Samvinnubanki Íslands h.f. Hlutverk félagsins skal vera að starfrækja banka, er hafi það sérstaklega að markmiði að styðja samvinnurekstur landsmanna.

2. gr.

Hlutafé félagsins skal nema eigi minna en 10 millj. króna. Samband isl. samvinnufélaga skal safna innan sinna vébanda og leggja fram sem hlutafé 10 millj. króna. Ábyrgðarmenn Samvinnusparisjóðsins skulu hafa rétt til að skrifa sig fyrir hlutum í félaginu, er nemi allt að tífaldri upphæð núverandi hluta þeirra í heildar-ábyrgðarfé Samvinnusparisjóðsins. Innan níu mánaða, frá því að lög þessi taka gildi, skal boðað til stofnfundar hlutafélagsins, en hafi ofangreindir aðilar þá eigi safnað tilskildu hlutafé, skal stjórn Samvinnusparisjóðsins bjóða út innanlands það, sem á vantar.

3. gr.

Heimili og varnarþing Samvinnubanka Íslands h.f. er í Reykjavík. Stjórn félagsins er heimilt að ákveða, að bankinn hafi útibú.

4. gr.

Samvinnubanki Íslands h.f. skal taka við öllum eignum, skuldum og ábyrgðum Samvinnusparisjóðsins og starfsemi hans og koma að öllu leyti í hans stað, enda samþykki meiri hluti ábyrgðarmanna Samvinnusparisjóðsins eignayfirtærsluna.